



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun minningarstofu
um
Jónas Hallgrímsson
Hrauni í Öxnadal
16. nóvember 2007**

Hús skáldanna: Gljúfrasteinn, Skriðuklaustur, Davíðshús, Sigurhæðir, Nonnahús. Það er vitnisburður um verðmætamat Íslendinga að við varðveitum hús með slíka sögu en það er líka merkilegt að þrjú þeirra eru fyrir norðan og nú bætist hið fjórða við: Minningarstofa um Jónas á Hrauni í Öxnadal.

Lengi hefur ljómi leikið um þennan stað; skáldskapur Jónasar veitt honum sérstakan sess í hugum Íslendinga. Hraun: táknmynd og töfrabyggð.

Voru það fjöllin eða dalurinn, brattir tindar eða slegin tún sem gáfu Jónasi drýgsta nestið? Var skáldskapurinn ættaður héðan, minningarnar eldur í brjósti skáldsins?

Um áraraðir hafa þúsundir Íslendinga horft hingað heim, farið hjá og velt þessu fyrir sér, áður á hestum en síðar akandi, hugsað til Jónasar, farið með ljóðin. Fífilbrekka gróin grund; Fanna skautar faldi háum; Nú er vetur úr bæ; Hvað er svo glatt; Vorið góða grænt og hlýtt; Nú andar suðrið sæla – sumir jafnvel flutt allan Gunnarshólma utanað. Löngu eftir að Hraun var horfið sjónum lifðu ljóðlínurnar í hugum ferðalanga.

En nú hefur breyting orðið. Nú gefst landsmönnum kostur á að nema hér staðar, heimsækja minningarstofu og nálgast ævi skáldsins á áhugaverðan hátt.

Hér munu nýjar kynslóðir skynja að Jónas var og verður samferðamaður okkar allra, samofinn sjálfsvitund Íslendinga, ástinni á landinu og móðurmáli.

Það Ísland sem býr í hjörtum okkar er mótað af ljóðum Jónasar, andinn úr hendingunum meitlar svörin þegar spurt er um rætur þjóðarinnar.

Kvæðin hafa fylgt sérhverri kynslóð, lesin og sungin á hátíðum og góðum stundum; einföld og tær eins og fjallalind.

Öll fallegu orðin sem Jónas smíðaði á örlagatímum tungumálsins í árdaga sjálfstæðisbaráttunnar — aðdráttarafl og ljósvaki, sporbaugur og rafurmagn, hitabelti og staðvindur og mörg fleiri — ættu að verða okkur örvun í þeirri umræðu sem nú fer fram um framtíð íslenskrar tungu.

Jónas hafði ríkan vilja og getu til að orða nýja hugsun á íslensku, lýsa nýrri tækni, fræðum og vísindum; öllum mannanna verkum og veröldinni. Í umróti nýrrar aldar mun það fordæmi ásamt kvæðum Jónasar og sögum reynast haldgott veganesti.

Verk hans eru hvorki bundin stað né stund, einni öld annarri fremur.

Jónas er og verður sígildur; sveitadrengur úr Öxnadal sem varð heimsmaður í skáldskapnum; skólapiltur frá Bessastöðum sem í Kaupmannahöfn orti sóknaranda í sjálfstæðisbaráttu fátækrar þjóðar, einn helsti landvinningamaður íslenskrar tungu.

Það verður líka gaman fyrir ungu skáldin, rithöfunda og fræðimenn að dvelja hér á komandi árum, sækja innblástur til skáldsins og náttúruunnandans og ganga ásamt öðrum um fólkvanginn sem umvefur náttúruna hér í kring, ána, Vatnsdalinn, Stapana og Hraundranga.

Það var snjöll hugmynd og þarft verk að opna þjóðinni fæðingarstað Jónasar á þessum degi og bæta þar með enn einu húsi skálds við safnaflóru Íslendinga — og fjöður í hatt ykkar Norðlendinga.

Ég færi forgöngumönnum þessa verks einlægur þakkir Íslendinga og áréttu hve gott er að vita af slíkum áningarstað.